

Fundargerð 97. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2026, miðvikudaginn 8. apríl kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Frumvarp til laga um lagareldi, 529. mál - óskað umsagnar - 2604001SU

Drög að umsögn lögð fram til umfjöllunar.

Stjórn samþykkir drög að umsögn með áorðnum breytingum og felur starfsmanni samtakanna að senda umsögnina til Alþingis.

2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði o.fl. 530. mál - óskað umsagnar - 2604002SU

Stjórn telur ekki tilefni til þess að senda inn umsögn um málið.

3. Önnur mál - 2511002SU

Til umræðu var stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þar sem breyta á sértækri ívilnun og jöfnunarheimild en frumvarpið var lagt fram á þingi þann 16. mars sl.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga gerir athugasemdir við að lagafrumvörp og reglugerðarbreytingar sem varða verulega hagsmuni sveitarfélaga skuli koma fram án þess að fara fyrst í formlegt samráð, s.s. í samráðsgátt stjórnvalda. Slík vinnubrögð draga úr gagnsæi og veikja möguleika sveitarfélaga og annarra hagaðila til að koma sjónarmiðum sínum að áður en ákvarðanir eru teknar.

Stjórnin leggur áherslu á að vandað, tímanlegt og raunverulegt samráð sé lykilsenda vandaðrar lagasetningar og stjórnvaldsákvarðana.

Fundi var slitið kl. 08:30